

Um rétt fatlaðs fólks til að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

Eftirlitsnefnd með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur m.a. það mikilvæga hlutverk að gefa ríkjum leiðbeiningar, „almennar athugasemdir“ (e. General Comments), varðandi túlkun og framkvæmd á einstökum greinum samningsins og skýra hvernig þau geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þeim. Eftirlitsnefndin sendi nýlega frá sér almennar athugasemdir um túlkun og framkvæmd ákvæða **19. greinar samningsins** sem hefur yfirskriftina **Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu**. Þessi grein samningsins er mjög mikilvæg og ræður afar miklu um hvort meginmarkmið hans um að gefa fötluðu fólki tækifæri til sjálfstæðs og eðlilegs lífs án aðgreiningar og mismununar geti náðst. Greinin hljóðar svo:

Aðildarríkin viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og með sömu valkosti og aðrir og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess greiða fyrir þessum rétti fatlaðs fólks og til fullrar þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:

a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríkir,

b) að fatlað fólk hafi aðgang að margs konar félagsþjónustu, s.s. aðstoð inni á heimili og í búsetuúrræðum og öðrum stuðningi til samfélagsþátttöku, meðal annars persónulegan stuðning sem er nauðsynlegur til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun þess og aðskilnað frá samfélaginu,

c) að þjónusta á vegum samfélagsins og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þeirra.

Í athugasemdum eftirlitsnefndarinnar varðandi greinina er m.a. lögð sérstök áhersla á eftirfarandi:

- Fatlað fólk á rétt á þjónustu þar sem það kys að búa og er óheimilt að binda þá þjónustu skilyrðum um að fólk búi á tilteknum stöðum eða stofnunum.
- Fatlað fólk hefur rétt til að búa utan stofnana.
- Stjórnvöldum er skylt að vinna að útrýmingu stofnana með skipulegum hætti og markvissum áætlunum.

Skylda til samráðs við fatlað fólk og samtök. Í 4. gr. samnings SP segir:

Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.